

A 1805/hállbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um

Þingmannatillögu um aðgerðir til að stemma stigu við ofauðgun í Eystrasaltinu**Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að leita eftir samningum um samstarfstilhögun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sem stuðli að notkun loftslags- og umhverfisvænna aðferða á Eystrasaltssvæðinu með því sameiginlega markmiði að draga verulega úr losun fosfórs.

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að skora á þingmannaráðstefnur Eystrasaltssvæðisins að ýta undir notkun loftslags- og umhverfisvænna aðferða og nýsköpunar til að draga úr losun fosfórs og þar með ofauðgun í Eystrasaltinu.

Bakgrunnur

Bæði í Svíþjóð og Finnlandi hefur nú fundist hagkvæm og fljótleg aðferð til að draga verulega úr ofauðgun í Eystrasaltinu af völdum landbúnaðar. Svarið felst í því að nota gifs (kalsíumsúlfat) og byggingarkalk. Þessar aðferðir koma ekki í stað langtímalausna en eru þó góður kostur til skemmri tíma á strandsvæðum með heppilegum jarðvegi, til dæmis leirjarðvegi. Til lengri tíma litið eru tæknirannsóknir, landbúnaðarráðgjöf og notkun ýmiss konar vatnasviða ákjósanlegri lausnir. Nú er þó tímabært að norrænu ríkin innleiði þessar tiltölulega hagkvæmu lausnir á öllu Eystrasaltssvæðinu enda hvers konar aðgerða þörf til að ráða bót á ástandi sjávarins í Eystrasalti.

Strandlengja Eystrasaltsins er um 8000 km og skiptist að stórum hluta milli átta aðildarríkja Evrópusambandsins. Íbúatala ríkjanna sem eiga land að Eystrasalti er tæplega 100 milljónir.

Um helmingur köfnunarefnislosunar og rúm 60 af hundraði fosfórlosunar í Eystrasaltið eru af völdum landbúnaðar samkvæmt því sem fram kemur í finnskri



aðgerðaáætlun um nýtingu hafsins¹. Með það að markmiði að draga úr losun um 30 til 50 af hundraði ætla Svíar nú að meðhöndla allt að hundruðum þúsunda hektara lands með byggingarkalki, en hingað til hafa 55.000 hektarar verið meðhöndlaðir þannig þar í landi². Finnar hyggjast nú hefja gifsdreifingu að loknu tveggja ára tilraunaverkefni á suðvesturhorni landsins. Tilraunaverkefnið sýndi að magn fosfóragna, sem skolest auðveldlega út í vatnsföll og þaðan í Eystrasaltið, minnkaði um 50 af hundraði á tímabilinu³. Áhrifin af gifsdreifingunni vara í fimm ár og ekki hefur orðið vart neinna neikvæðra afleiðinga á lífríki vatnsfalla, svo sem fisk, skelfisk eða vatnaplöntur⁴. Samkvæmt rannsókn sem gerð var í Litháen gætir fosfórbindingandi áhrifa byggingarkalks í tíu ár eftir að því er dreift⁵.

Til skemmri tíma litið er gifsmeðferð hagkvæmari en aðrar þekktar aðferðir til að draga úr losun fosfórs. Til dæmis er talið að kostnaður af því að draga úr losun fosfórs með jöðrunaraðgerðum í landbúnaði sé 220 evrur á hvert kg, en með gifaðferðinni aðeins 70 evrur á hvert kg⁶.

Fosfórlosun í Finnlandi, Eistlandi, Póllandi, Danmörku og Svíþjóð nemur allt að 8.000 tonnum samtals. Með gifaðferðinni mætti draga úr losun af völdum landbúnaðar um 1.500–2.000 tonn á ári⁷. Gifsmeðferð hentar ekki öllum landsvæðum og jarðvegstegundum, enda er leirjarðvegur forsenda þess að árangur náist, en aðferðin hentar þó t.d. á yfir 500.000 hekturum lands í Finnlandi⁸. Hreint gifs til þessara nota fæst sem aukaafurð úr ýmsum iðnaði og frá orkuverum en einnig er hægt að nota náttúrulegt gifs, t.d. það sem framleitt er í Lettlandi. Það skilyrði er að sjálfsögðu sett að kalkið innihaldi ekki þungmálma eða geislavirk efni.

Vinna þarf hratt og örugglega að frekari rannsóknum allt umhverfis Eystrasalt. Þegar hefur verið bryddað upp á samstarfi milli Norðurlanda og Póllands. Eystrasaltið þolir enga bið. Beita þarf fljótvirkum aðgerðum, auk lausna til lengri tíma, til þess að þetta viðkvæma innhaf megi áfram verða uppspretta lífs og margbreytileika.

Á vegum Evrópusambandsins hefur verið mótuð svonefnd Eystrasaltsstefna, en undir hana falla einkum úrlausnarefni á sviði umhverfismála á Eystrasaltssvæðinu, efnahagsleg uppbygging þess og samheldni landanna, auk samkeppnishæfni Evrópusambandsins í heild. Ríkin sem eiga aðild að Eystrasaltsstefnunni eru Svíþjóð,

¹ Finnska umhverfissráðuneytið. 2015. <https://www.naturvardsverket.se/upload/stod-i-miljoarbetet/remisser-och-yttranden/esbo-arenden/2015-finland-havsmiljon/finland-forslag-atgardsprogram-havsmiljon-5522-2015.pdf> Sótt 27.1.2019.

² Sandberg, Monica, Åbo Underrättelser. 30.8.2018. <https://www.pressreader.com/finland/abo-underrattelser/20180830/281659665910058> Sótt 27.1.2019.

³ Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. <https://yle.fi/uutiset/3-10220295> Sótt 27.1.2019.

⁴ SAVE, Saaristomeren vedenlaadun parantaminen peltojen kipsikäsittelyllä (Helsingin Yliopisto). <https://blogs.helsinki.fi/save-kipsihanke/usein-kysytyt-kysymykset/> Sótt 27.1.2019.

⁵ Östman, Magnus, Finlands Natur nr 3/2016. <https://www.finlandsnatur.naturochmiljo.fi/artiklar/miljogifter/article-91885-53555-nya-tag-mot-fosforlackaget> Sótt 27.1.2019.

⁶ Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. <https://yle.fi/uutiset/3-10220295> Sótt 27.1.2019.

⁷ Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. <https://yle.fi/uutiset/3-10220295> Sótt 27.1.2019.

⁸ Sandell, Markku. YLE Uutiset 25.5.2018. <https://yle.fi/uutiset/3-10220295> Sótt 27.1.2019.



Danmörk, Eistland, Finnland, Þýskaland, Lettland, Litháen og Pólland. Framkvæmd stefnunnar byggist á aðgerðaáætlun sem tekur til 14 málaflokka, og er ofauðgun Eystrasaltsins einn þeirra. Markmiðið í þeim málaflokki er að takmarka losun næringarefna af blönduðum uppruna og draga úr áhrifum þeirra á vistkerfi Eystrasaltsins. Finnar og Pólverjar annast samhæfingu starfsins.

Evrópusambandið stendur einnig að verkefni um sjálfbæra notkun áburðar og næringarefna á Eystrasaltssvæðinu undir nafninu SuMaNu. Markmið þess er að safna upplýsingum um hvernig unnt er að ná fram sjálfbærri notkun áburðar og næringarefna. Um er að ræða milliríkjasamstarf um eftirtalin fjögur verkefni: sýruíblöndun til að draga úr ammoníakslosun, gerð sameiginlegra leiðbeininga um árangursríkari söfnun og nýtingu upplýsinga um áburðarnotkun, umhverfisvænar aðferðir við notkun lífræns áburðar í landbúnaði, og áhættugreiningu vegna endurnýtingar lífræns úrgangs. Samstarfsaðilar í SuMaNu-verkefninu eru frá ýmsum löndum við Eystrasalt, þ. á m. Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi, Þýskalandi, Póllandi, Danmörku og Svíþjóð.

Í tengslum við umfjöllun sína um þingmannatillöguna hlýddi nefndin á kynningu Petri Ekholm, sem er sérfræðingur í gifsmeðferð og í fremstu röð þeirra vísindamanna sem stunda rannsóknir á notkun gifs og kalks á ræktarlandi, meðal annars í tengslum við verkefnið SAVE <https://blogs.helsinki.fi/save-kipsihanke/?lang=sv>.

Flokkahópur jafnaðarmanna óskaði eftir ítarlegri skriflegum upplýsingum um aðferðina og áhrif hennar á jarðvegsgæði og vistkerfi, auk yfirlits um aðrar aðferðir sem nota mætti í sama tilgangi. Flokkahópur íhaldsmanna tók undir þetta og bætti við að þótt aðferðin gæfi góða raun mætti hugsanlega ná sama árangri á annan hátt. Hópurinn óskaði því eftir nánari upplýsingum um aðferðirnar sem til væru og hversu útbreidd gifsaðferðin væri á Norðurlöndum. Norrænt frelsi spurði hvaða afleiðingar aðferðin hefði í för með sér fyrir líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi og hvort gifsíð sem notað er sé af sömu gerð og gifs sem notað er í byggingarefni. Petri Ekholm staðfesti að sama grunnefni væri notað og að meðal annars hefði verið rannsakað hvaða áhrif gifsíð hefði á skelfisk, en engin slík áhrif hefðu greinst. Nefndin ákvað að safna ítarlegri upplýsingum um efnið sem kynnt var og rætt á fundi hennar í janúar 2021.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin telur það almennt afar mikilvægt að draga úr ofauðgun Eystrasaltsins. Til þess að það megi takast þarf að beita markvissum aðferðum í samstarfi allra þeirra ríkja sem eiga land að Eystrasalti. Flokkahópur hægri manna lýsti efasemdum um upprunalegu tillöguliðina og taldi sig ekki geta samþykkt tillöguna óbreytta. Nota má ýmsar aðferðir til að draga úr ofauðgun í Eystrasalti og árangurinn ræðst í hverju tilviki af þáttum á borð við jarðvegsgerð og loftslag. Nefndin taldi því að gera mætti tillöguna enn betri með því að vísa ekki til einnar aðferðar sérstaklega, heldur orða hana þannig að nota beri loftslags- og umhverfisvænar aðferðir til að draga úr ofauðgun Eystrasaltsins.

Með þeirri breytingu á tillöguliðunum fékk tillagan stuðning flokkahóps hægri manna, Norrænna vinstri grænna, flokkahóps jafnaðarmanna og flokkahóps miðjumanna.

Norðurlöndum, 13. apríl 2021

Anders Kronborg (S)
Anna Vikström (S)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Johan Andersson (S)
Kasper Roug (S)
Ketil Kjenseth (V)
Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Magnus Ek (C)
Ole André Myhrvold (Sp)
Rebecka Le Moine (MP)
Simon Holmström (HI)
Staffan Eklöf (SD)
Vilhelm Junnila (saf)